

EYD-212

Heiti: Rof- og setmyndun	Númer: 17	Flokkun: A	Dagsetning: 23.11.2007
--------------------------	-----------	------------	------------------------

Lýsing á umhverfisþætti:

Rennslisbreytingar í ám og vatnshæðarbreytingar í lónum auk veðurálags geta leitt til rofs í vatnsvegum og úr bökkum lóna. Framburður jökuláa veldur setmyndun í lónum.

Umhverfisáhrif:

Breytingar á vatnshæð lóna ásamt veðurlagi geta leitt til öldu- eða vindrofs úr bökkum lóna. Halli lands og ríkjandi vindáttir skipta þar verulegu máli. Rennslisbreytingar í vatnsvegum geta leitt til myndunar rofbakka en eftir virkjun vatnsfalla eru rennslisveiflur almennt mun minni en náttúrulegar sveiflur og flóðtoppum fækkar. Setmyndun með ströndum lóna og á áreyrum getur skapað hættu á uppfoki.

Umhverfisáhætta:

Rof úr bökkum manngerðra vatnsvega og lóna geta skapað hættu fyrir mannvirkni og valdið eyðileggingu á gróðurlendi og uppfoki á lausum jarðefnum. Við ákveðin veðurskilyrði geta áfoksgeirar myndast út frá ströndum lóna eða vatnsvega sem eyðileggja gróðurlendi og valdið geta auknu rofi.

Fyrirbyggjandi stýring:

Við frumhönnun og verkhönnun framkvæmda eru gerðar rannsóknir á mögulegri umhverfisröskun (GAT-207). Við mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðra mannvirkja er lagt mat á setmyndun og mögulegt rof vegna vinds, öldu og vatns(GAT-206). Mótvægisáðgerðir fyrir einstaka framkvæmdir eru skilgreindar í mati á umhverfisáhrifum.

Vöktun:

Í leiðbeiningarskjali um umhverfisstjórnun aflstöðvanna er skilgreind vöktun á rofi og setmyndun. Eftirlit er framkvæmt með stíflum og manngerðum vatnsvegum samkvæmt VKL-37.

Ástæða flokkunar:

Umhverfisþáttur er flokkaður sem A flokkur því hann getur haft alvarleg áhrif á umhverfið. Þá er í sumum tilfellum gerð krafa um vöktun og/eða stýringu. ?